



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra

Lokaskýrsla

Lokaskýrsla fyrir meginmálaflokk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið hófst árið 2011. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 og áfangaskýslu II í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir lokaáfanga verkefnisins og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins árið 2015.

Texti fyrir fjárlagafrumvarpið

Málaflokkur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er loftslagsmál. Heildarmarkmið verkefnisins er að samþætta kynjasjónarmið í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum í loftslagsmálum. Í fyrsta áfanga verkefnisins var aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum greind út frá kynjasjónarmiðum. Í lokaáfanga verkefnisins var ákveðið að velja verkefni um ræktun nytjaskóga, þar sem skógrækt snýr að loftslagsmálum og jafnréttismarkmiðum, með það að markmiði að auka atvinnutækifæri kvenna á þessu sviði. Í lokaskýrslu eru birtar niðurstöður á greiningu sem gerð var á samningum við skógarbændur um ræktun nytjaskóga á vegum landshlutaverkefna í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt starfa skv. lögum nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt og um þau gilda ennfremur ákvæði laga nr. 3/1955, um skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt eru fimm talsins á eftirtöldum fjárlagaliðum: 251 Héraðs- og Austurlandsskógar, 252 Suðurlandsskógar, 253 Vesturlandsskógar, 254 Skjólsskógar á Vestfjörðum og 255 Norðurlandsskógar. Alls er gert ráð fyrir 401,7 m.kr. fjárheimildum til landshlutaverkefnanna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015.

Niðurstaða greiningarinnar leiddi í ljós kynjahalla á rétthöfum skógræktarsamninga um ræktun nytjaskóga. Form saminga við skógarbændur býður upp á að samingar séu gerðir við bæði hjón (eða sambúðaraðila) sem á annað borð sinna ræktun nytjaskóga. Samingarnir sjálfir stuðla því ekki að kynjahalla en það gerir hins vegar fjárhagslegt utanumhald og endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna samninga. Kynjahalla vegna skógræktarsamninga er að einhverju leyti hægt að rekja til hindrana vegna laga og reglna um virðisaukaskatt. Þarna er um að ræða kerfislæga hindrun í skattkefinu sem er á forræði annars ráðuneytis að gera breytingar á. Niðurstaðan umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á kynjagreiningu á samingum um ræktun nytjaskóga er samsvarandi niðurstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um greiningu á búvörusamningum og beiðgreiðslum til bænda.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Loftslagsmál	Dags	9.september 2014
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra	Stefán Guðmundsson		
Teymi	Björgvin Valdimarsson, Inga Birna Einarasdóttir, Sigríður Svana Helgadóttir, Stefán Einarsson og Sigurbjörg Sæmundsdóttir.		
Eigandi og stýrihópur	Ráðuneytisstjóri, Stefán Guðmundsson og Hugí Ólafsson.		
Lýsing verkefnis	<p>Framkvæmd hefur verið kynjagreiðing á „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum“.</p> <p>Niðurstöður kynjagreiðingarinnar voru kynntar í 1. áfangaskýrslu verkefnisins. Sett hafa verið fram heildar jafnréttismarkmið ásamt jafnréttismarkmiðum fyrir einstaka lykilaðgerð í loftslagsmálum. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur forræði yfir þremur af tíu lykilaðgerðum í loftslagsmálum og vinnur ráðuneytið áfram með þær. Í áfangaskýrslu II voru skilgreindar aðgerðir og upplýsingaöflun um skógræktarverkefni með það að leiðarljósi að leita leiða til að jafna hlut kvenna.</p>		
Markmið verkefnis	<p>Heildarmarkmið verkefnisins er að samþætta kynjasjónarmið í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum í loftslagsmálum. Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu var gerð víða, m.a. hjá starfsfólki ráðuneytisins og hjá samstarfshópi um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sá hópur er skipaður fulltrúum þeirra ráðuneyta sem hafa forræði yfir lykilaðgerðunum tíu.</p> <p>Markmiðið er þannig að auka meðvitund um kynjasjónarmið í loftslagsmálum hjá sem flestum sem starfa á þeim vettvangi.</p> <p>Þar að auki er markmið verkefnisins að gæta kynjasjónarmiða þegar Loftslagssjóður, skv. lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, verður settur á laggirnar og úthlutun úr sjóðnum hefst. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim.</p>		
Jafnréttismarkmið verkefnis	<p>Að aðgerðir í loftslagsmálum stuðli að:</p> <ul style="list-style-type: none"> - því að bæði kynin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun í loftslagsmálum - því að konur og karlar geti lagt jafnt að mörkum til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar - efnahagslegu jafnræði karla og kvenna t.d. þannig að atvinnuskapandi aðgerðir beinist að báðum kynjum - jöfnum tækifærum kvenna og karla til heilsu þannig að loftslagsbreytingar og aðgerðir gegn þeim komi ekki meira niður á heilsu annars kynsins. 		

Staða verkefnis

<h3 style="text-align: center;">Heildarstaða verkefnis</h3> <div style="display: flex; justify-content: center; gap: 20px; margin-top: 5px;"> Græn <input checked="" type="checkbox"/> Gul <input type="checkbox"/> Rauð <input type="checkbox"/> </div>						
	Græn Á áætlun	Gul Þarfnast aðgerða	Rauð Krítískt	Útskýring á frávikum		
Tímaáætlun	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Fjárhagsáætlun	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Umfang	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Aðgerð: m.v. þá áfanga sem eru í verkáætlun og áttu að hefjast á þessu tímabili		Staða	Lokið	Áætluð lok	Lokið dags	Athugasemdir/áhættuþættir
1	Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu f. Samstarfshóp um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já		18.09.12	Samstarfshópurinn sér um umsjón og framkvæmd „Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum“
2	Kynning á niðurstöðum f. Samráðshóp um loftslagsmál og kynjasjónarmið, UAR, UTN, ÞSSÍ, GEST Programme	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	já		24.09.12	
3	Setja jafnréttismarkmið f. þær aðgerðir sem upp á vantaði, samtals 4 aðgerðir	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	já		1.10.12	
4	Greina frá niðurstöðum 1. áfangaskýrslu á heimasíðu UAR	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	já		10.10.12	Greint var frá niðurstöðum í nokkrum net- og ljósvaka-fjölmiðlum. Eykur meðvitund almennings um loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra
5	Hvatning til skógræktarverkefna að halda	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já		30.10.12	Tölvupóstur sendur til framkv.stj. þeirra verkefna

	kynjabókhald					sem ekki héldu slíkt bókhald, samtals 3 landshlutaverkefni
6	Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýslu hjá starfsfólki UAR (fræðslufundur)	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	já		06.12.12	
7	Kynning á niðurstöðum 1. áfangaskýrslu á fundi m. jafnréttisfulltrúa stjórnarráðsins	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	já		07.2.13	
8	Gera greiningu á kostnaðarliðum/ úthlutun fjármuna til skógræktar og landgræðslu	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já		13.8. 2014	Sjá niðurstöðu þess á öðrum stað í þessari skýrslu
9	Skil á 2. áfangaskýrslu í KHF	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Já		25.06.13	

Staða: Græn = á áætlun, Gul = þarfnast aðgerða, Rauð = krítísk, þarf að láta yfirstjórn vita

Greining og niðurstöður

Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytis í kynjaðri fjárlagagerð er áætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá október 2012. Í aðgerðaáætluninni voru skilgreindar 10 aðgerðir og þrjár þeirra eru á forræði ráðuneytisins. Í fyrstu áfangaskýrslu er kynjasjónarmið aðgerðaráætlunar og kynjaáhrif greind. Greiningin leiddi í ljós að aðgerðir sem boðaðar eru í áætluninni skapa einkum störf á karllægum sviðum svo sem í landbúnaði og við véla- og tæknivinnu. Þær aðgerðir sem eru á forræði ráðuneytisins eru innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir og fyrirkomulag fyrirhugaðs loftlagssjóðs, verkefni tengd aukinni skógrækt og landgræðslu og í þriðja lagi endurheimt votlendis.

Í 2. áfangaskýrslu voru skilgreindar aðgerðir fyrir 3. áfanga verkefnisins. Þær aðgerðir miða að því að safna upplýsingum um þann kynjahalla sem kom í ljós í 1. áfangaskýrslu, þ.e. að fjármunir til verkefna í landbúnaði fara til karllægra sviða. Skógrækt er sá málaflokkur sem er á forræði ráðuneytisins og því var safnað upplýsingum frá landshlutaverkefnum í skógrækt en þau starfa skv. lögum nr. 95/2006. Þessi gögn voru kynjagreind og umfjöllum um greininguna og niðurstöðu hennar er að finna síðar í þessari skýrslu.

Í 2. áfangaskýrslu voru ennfremur kyngreindar tvær stefnur ráðuneytisins, „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2014“ og „Stefna um vistvæn innkaup“. Þetta var gert óháð meginmálaflokki ráðuneytisins. Stefnt er að því í framtíðinni að almennt verklag ráðuneytisins verði á þá lund að stefnur, áætlanir og frumvörp verði kynjagreind.

Aðgerðir fyrir 3. áfanga verkefnisins sem voru skilgreindar í upphafi verkefnisins:

Jafnréttismarkmið	Kynjasjónarmið	Aðgerðir	Fjármögnun	Mælikvarðar og ávinningur
Að stuðla að efnahagslegu jafnræði kvenna og karla	Að skapa störf á kvenlægum starfssviðum til jafns við störf á karllægum sviðum	Athuga hvort hægt sé að styrkja konur sérstaklega til skógræktarverkefna.		Ef fjölgun verður í styrkjum til kvenna í skógrækt er stuðlað að jafnræði kynjanna í efnahagslegu tilliti

Að tölfræði sé greind eftir kyni	Að tryggja kyngreindar upplýsingar	Hafa eftirlit með því að aðilar tengdir aðgerðum í loftslagsmálum haldi kynjabókhalda		Mikilvægt að hafa kynjageindar upplýsingar í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð
----------------------------------	------------------------------------	---	--	---

Verkefnið snýst m.ö.o. um að kanna með hvaða hætti hægt sé að skapa konum fleiri störf og tækifæri í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt sinna ræktun nytjaskóga skv. lögum sem um starfsemi þeirra gilda. Það var ákveðið á fyrri stigum verkefnisins að skoða sérstaklega starfsemi landshlutavekfnana. Með því að skoða skógræktarsamninga og það lagaumhverfi sem um þá gilda, er hægt að átta sig á hvort í samningum séu hindranir sem kunna að hafa áhrif á atvinnutækifæri kvenna og karla. Á grundvelli niðurstöðu greiningar á samingunum og lagaumhverfi þeirra er svo hægt að leggja fram tillögur til úrbóta svo að meginmarkmiðum verkefnisins um sé náð.

Loftslagssjóður

Kveðið er á um loftslagssjóð í 29. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. er hlutverk sjóðsins að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim. Eitt af markmiðum verkefnisins er að gæta kynjasjónarmiða við skipun stjórnar sjóðsins. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 70/2012 mun ráðherra skipa fjögurra manns stjórn loftslagssjóðs til tveggja ára. Sjóðurinn hefur enn ekki verið settur á fót og því hefur stjórn sjóðsins ekki verið skipuð. Ástæða þess kann að vera að dregist hefur að hefja þáttöku Íslands í uppboðum á losunarheimildum en gert er ráð fyrir í a. lið 1. mgr. 30. gr. l. nr. 70/2012 að tekjur loftslagssjóðs verði helmingur tekna íslenska ríkisins af sölu losunarheimilda á uppboði auk annarra tekna.

Landshlutaverkefni í skógrækt.

Samningar um ræktun skóga sem eru gerðir við landeigendur eða ábúendur lands, eru með tvennum hætti. Annars vegar eru það samningar um ræktun nytjaskóga á afmörkuðu landssvæði á lögbýli. Samningar um ræktun nytjaskóga er til 40 ára og eru þeir þinglýst kvöð á jörðinni (landnúmer). Þó breytingar kunni að verða á eignarhaldi jarðar á samingstímanum þá fellur samingur ekki niður heldur er nafni rétthafa samnings breytt. Ræktaður skógur verður eign landeiganda og ber að haga meðferð skógarins með ákveðnum hætti sem gerð er grein fyrir í samningi og má nefna að búfjárbætt er óheimil í skógræktarlandinu. Skógræktaráætlanir ræktenda eru gerð í samvinnu við landshlutaverkefni í skógrækt sem sinna einnig eftirliti með skógræktinni auk þess sem þau hafa leiðbeiningaskyldu gagnvart skógarbónda. Landshlutaverkefni greiða allt að 97% kostnaðar við framkvæmdir í samræmi við skógræktaráætlun á lögbýlinu og skilgreint er hvað telst vera kostnaður vegna samnings. Samningar um ræktun skjólbelta er hin tegund samnings um skógrækt. Þar fær ábúandi/landeigandi styrk til skjólbeltaræktunar. Þessir samningar eru ekki eins ítarlegir og

samningar um nytjaskógaræktun og þeim er ekki þinglýst sem kvöð á jörðina. Form beggja samninga er með þeim hætti að bæði kona og karl geta verið samningsaðilar ef um hjón/sambúðaraðila er að ræða. Það er því ekki nein hindrun fólgin í formi samninga sem gerir gerir það að verkum að efnahagsleg áhrif þeirra eru meiri á karla en konur, s.s. að karl sé einn skráður sem rétthafi samnings. Hvatt er til þess að bæði kona og karl séu skráð sem samningsaðilar þó að reynslan sýni að karlinn sé oftast skráður sem rétthafi samnings.

Í töflunni hér á eftir eru samningar um ræktun nytjaskóga greindir eftir því hvort rétthafi samnings er kona, karl eða félag/félagasamtök.

Fjöldi samninga og kynjagreiðing þeirra

Landshlutaverkefni	Fjöldi samninga	Konur	Karlar	Bæði	Félög
Suðurlandsskógar	256	38	147	1	70
Héraðsskógar	141	20	77	20	24
Norðurlandsskógar	162	25	77	25	35
Skjólsskógar	55	18	24	-	13
Vesturlandsskógar	116	24	72	-	20
Samtals	730	125	397	46	162

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan eru fleiri karlar en konur sem skráðir eru sem rétthafar samninga vegna ræktunar nytjaskóga. Af heildarfjölda samninga eru samningar í 17,1% tilvika á nafni kvenna, í 54,4% tilvika á nafni karla, í 22,2% tilvika er samningar gerðir við hlutfélög eða félagasamtök og í 6,3% tilvika eru samningar gerðir við hjón/sambúðaraðila.

Endurgjald til skógarbænda vegna ræktun nytjaskógs.

Eins og fram kemur hérna að framan fær skógarbóndi greiddan kostnað sem fellur til við skógræktina. Skógarbændur fá greitt fyrir vinnu sínu eftir vinnuskýrslum og er greitt skv. ákveðnum taxa. Landshlutaverkefni greiða reikninga vegna aðfanga fyrir ræktunina, s.s. vegna plöntu- og áburðarkaupa. Skógarbændur fá í hendur þessa reikninga frá landshlutaverkefninu, sem jafnframt er hluti af framlagi til þeirra, og sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatt af þeim. Hluti af framlagi til bænda liggur því í þessari endurgreiðslu virðisaukaskatts því nytjaskógarækt er virðisaukaskattskyld starfsemi.

Til þess að hægt sé að greiða skógarbændum þetta endurgjald sem nefnt er hér að framan sækir skógarbóndi um skráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt. Í reglugerð nr. 192/1993 er nánari útfærsla á 5. gr. umræddra laga og þar kemur fram í 1. gr. senda skuli beiðni um skráningu virðisaukaskattskylds aðila til RSK á þar til gerðu eyðublaði: RSK 10.22. Samkvæmt eyðublaðinu er gert ráð fyrir einu nafni og kennitölu rekstaraðila í skráningu á virðisaukaskyldri starfsemi. Það má segja að fyrirkomulag skráningarinnar lýsi best þeim kynjahalla sem er á rétthöfum samningsaðila um ræktun nytjaskóga. Virðisaukanúmer er nauðsynlegt til að

skógarbóndi geti gefið út reikninga og fengið endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á aðföngum vegna skógræktarinnar. Fyrirkomulag endurgreiðslu virðisaukaskattsins býður ekki upp á að kennitölur tveggja einstaklinga séu skráð hjá RSK þegar tilkynnt er um virðisaukaskattskylda starfsemi.

Séu niðurstöður ANR á kynjagreiningu búvörusamninga skoðaðar, sem er að finna í áfangaskýrslu II. ANR um KHF, má leiða að því líkum að kynjahalli vegna ræktunar nytjaskóga gæti vel tengst vandamálum sem ANR reifar í fyrrnefndri áfangaskýrslu. Skýrslu ANR er að finna á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í greiningu sinni komst ANR að þeirri niðurstöðu að laga- og reglugerðarumhverfi í landbúnaði er með þeim hætti að einungis einn aðili getur verið viðtakandi beingreiðslna skv. reglugerðum. Ef hjón reka bú saman geta þau ekki þegið beingreiðsluna nema að stofna um það félag. Í reglugerð um beingreiðslur er því kerfislægar hindranir sem vinna á móti atvinnuþáttöku kvenna þegar um er að ræða hjóna/sambúðarfólki sem stunda búskap saman. Í núverandi reglugerðarumhverfi geta hjón/sambúðaraðilar ekki þegið saman beingreiðslur jafnt nema að reka sitthvort virðisaukanúmerið eða stofna félag um búrekstur eins og fram kom hér að framan. Þessi skýring getur sömuleiðis átt við hvað varðar skógarbændur. Skýring á því hvers vegna karlar eru oftast samningsaðilar vegna skógræktarinnar gæti verið tengd því að karlar eru mun oftast handhafar beingreiðslu ef á annað borð er stundaður hefðbundinn búskapur á jörðinni.

Það er misjafnt á milli landshlutaverkefna hvort haldið er sérstakega utan um hvort samningsaðili/skógarbóndi hafi aðalatvinnu sína af bústörfum á jörðinni. Ef slíkar upplýsingar lægu fyrir væri hægt að greina hvort þessi kynjahalli í rétt höfum skógræktarsamnings væri meiri hjá þeim sem hjá þeim sem hefðu búskap að aðalstarfi eða hvort hann ætti líka við hjá landeigendum sem sinntu skógrækt án þess að leggja stund á hefðbundnum búskap.

Hindranir og aðgerðir til úrbóta

Eins og fram kemur hér að framan eru form samninga um ræktun nytjaskóga ekki með þeim hætti að þeir stuðli að ójafnvægi í atvinnutækifærum kvenna og karla. Það gerir þó fyrirkomulag á endurgreiðslum vegna virðisaukaskatts til skógarbænda. Lög um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra bjóða ekki upp á að báðir samningsaðilar geti verið með sameiginlegt virðisaukaskattsuppgjör. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti er ávallt á kennitölu eins rekstaraðila en ekki beggja eins og samningsformið um ræktun nytjaskóga býður þó upp á. Þarna er um að ræða kerfislæga hindrun í skattkefinu sem er á forræði annars ráðuneytis að gera breytingar á.

ANR hefur í sínum áfangaskýrslum um KHF bent á annmarka vegna handhafa beingreiðslna í landbúnaði og kerfislægar hindranir sem eru að finna í ákvæðum búvörulaga. Niðurstaða ANR er á þá leið að til að bregðast við þessari kerfislægu hindrun þyrftu framleiðendur búvara sem eru handhafar beingreiðslna að vera tveir á hverju lögbýli. Sömu annmarkar tengjst fjárhagslegri framkvæmd vegna ræktunar nytjaskóga og framlagi ríkisins vegna þessa. Samningsaðilar eru í meira en helmingi tilvika karlar. Það má gera ráð fyrir að ástæða þess að konur hafa ekki í meira mæli verið

skráðar fyrir samningum tengist þeim hindrunum sem ANR reifar í nefndri skýrslu. Ræktun nytjaskóga fer vel að hefðbundnum búskap og hafa margir bændur það sem viðbót við hefðbundin bústörf. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem fá beingreiðslur vegna hefðbundinna bústarfa eru karlmenn. Það virðist því vera raunin að karlar séu skráðir sem rétthafar skógræktarsamninga því þeir eru þegar skráðir fyrir beingreiðslunum. Það virðist því miður vera hindranir af lagalegum toga sem hamlar atvinnuþáttöku kvenna hvað viðkemur ræktun nytjaskóga hjá landshlutaverkefnum í skógrækt.

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan er einungis brot af fjárveitingu sem rennur til landshlutaverkefna í skógrækt, sem rennur beint til atvinnustarfsemi kvenna. Þessar niðurstöður eru settar fram með þeim fyrirvara að ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hvort þær konur sem eru handhafar greiðslna sinna auk þess hefðbundunum bústörfum.

Fjárveitingar skv. fjárlögum 2011, framlög til skógarbænda og af þeim framlög til kvenna.

Landshlutaverkefni	Fjárveiting og sértekjur 2011	Framlög til skógarbænda	Af því framlög til kvenna
Suðurlandsskógar	96 m.kr.	61,3 m.kr.	8,8 m.kr.
Héraðsskógar	120,3 m.kr.	86,8 m.kr.	12,2 m.kr.
Norðurlandsskógar	87,9	48,6 m.kr.	13,5 m.kr.
Skjólsskógar	46,7 m.kr.	Upplýsingar ekki til	Upplýsingar ekki til
Vesturlandsskógar	51,2 m.kr.	Upplýsingar ekki til	Upplýsingar ekki til

Reykjavík þann 9. september 2014

Stefán Guðmundsson
Verkefnisstjóri og ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér áfangaskýrsluna, framvindu verkefnisins og næstu skref:

Sigríður Auður Arnardóttir
Ráðuneytisstjóri